


**Pýsk grafík  
á  
vorum dögum**



# Pýsk grafík á vorum dögum

Íslenska myndlistin hefur ávallt verið mjög tengd við myndlistarhreyfinguna í Evrópu. Þetta er sérstaklega sýnt á myndlistinni á 20. öld. Þar hafa myndlistarmennirnir verið mjög tengdir við myndlistarhreyfinguna í Evrópu. Þetta er sérstaklega sýnt á myndlistinni á 20. öld. Þar hafa myndlistarmennirnir verið mjög tengdir við myndlistarhreyfinguna í Evrópu.

Íslenska myndlistin hefur ávallt verið mjög tengd við myndlistarhreyfinguna í Evrópu. Þetta er sérstaklega sýnt á myndlistinni á 20. öld. Þar hafa myndlistarmennirnir verið mjög tengdir við myndlistarhreyfinguna í Evrópu. Þetta er sérstaklega sýnt á myndlistinni á 20. öld. Þar hafa myndlistarmennirnir verið mjög tengdir við myndlistarhreyfinguna í Evrópu.

Íslenska myndlistin hefur ávallt verið mjög tengd við myndlistarhreyfinguna í Evrópu. Þetta er sérstaklega sýnt á myndlistinni á 20. öld. Þar hafa myndlistarmennirnir verið mjög tengdir við myndlistarhreyfinguna í Evrópu.

**Ísland  
1976**

# Institut für Auslandsbeziehungen Stuttgart

Das Institut für Auslandsbeziehungen (IAB) in Stuttgart ist ein führender internationaler Kultur- und Informationsdienstleister. Es fördert die gegenseitige Verständigung zwischen den Völkern und Kulturen der Welt durch kulturelle, wissenschaftliche und wirtschaftliche Zusammenarbeit. Das IAB organisiert internationale Ausstellungen, Konferenzen und Seminare und bietet eine Vielzahl von Publikationen an. Es ist ein wichtiger Partner für die deutsche Kulturpolitik und die internationale Zusammenarbeit.

Um allan heim, þar sem menn kynna sér uppsprettur og hátínda evrópskrar menningar, minnst menn einatt hins mikla framlags þýskra málara og þýskra teiknara til þróunar og þroska grafískra lista alveg fram til vorra daga. Hér á eftir verður minnt á aðeins fáa listamenn, sem markað hafa spor í sögu grafikinnar: Á hinn svonefnda meistara E. S. og á Martin Schongauer, sem báðir sköpuðu um miðbik 15. aldar koparstungur, er voru einstakar í sinni röð, á Albrecht Dürer, sem auðgaði með nýjum uppfinningum það, sem hafist hafði og fullkomnast hjá Schongauer og losaði um leið um viðjarnar í ofmiklum strangleik Schongauers. Einnig var þá uppi hinn snjalli og lífsglaði „meistari heimilisbókarinnar“, sem svo var kallaður, maðurinn sem stakk skyndimyndir af ósjálfráðum hugdettum sínum með fljótvirkri hendi beint í koparplötuna. Og enn skal minnt á nokkur heimskunn nöfn frá þessu skeiði: Hans Baldung, Altdorfer, Lucas Cranach.

Næst tókum við stórt stökk frá 16. öld til vorra daga og fyrir okkur verður á öndverðri þessari öld lítil hóp expressionískra málara, sem kallaði sig „Brúna“ (Brücke): Heckel, Kirchner, Müller, Nolde, Pechstein, Schmidt-Rottluff og nokkrir aðrir, sem fóru sínar eigin leiðir, eins og Corinth, Beckmann, Kollwitz, en leituðu þó allir að nýjum aðferðum í tjáningarlist með tréskurðum sínum, raderingum og ljósprentunum og hófu með því grafíkina að nýju til æðri vegs en verið hafði frá því á dögum Dürers. Grafíkin brýst, ef svo má segja, út úr möppum og hirslum listamannanna og fer yfir á veggina með sína stóru myndgerð og sitt söguríka myndmál, eins og ljósast verður af veggspjöldum „Brúara“ málaraanna í litdjörfum ljósprentunum þeirra. Þarna hófst þróun, sem leiddi til þess, að mörkin sem verið höfðu á milli grafikmynda og málverka fóru að hverfa smátt og smátt, sérkenni málverkanna fóru á margan hátt að koma fram í grafíkinni og grafísk sérkenni fóru að leita á málverkin. Grafísk verk standa nú aftur málverkum á sporði, eins og á dögum Dürers og Cranachs.

Á hinn bóginn verða menn að hafa í huga, að lítið var í aldagamalli fortið á grafíska blaðið sem hina duldustu og persónulegustu tjáningu listamannsins – eitthvað í áttina við kammermúsík – sem lét ekkert af hendi rakna í unaðslegri feegurð sinni, nema hún væri ræktuð af djúpri alúð, en þegar hér var komið, fóru að koma fram til viðbótar óhemju hrifandi blöð, full af nýjum geðhrifum, skrautleg og áhrifamikil. Reynsla þessa mikla timaskeiðs og sigrar þess settu svip sinn á verk næstu kynslóðar og höfðu í för með sér, að ungr menn fengu byr í seglin, en leiddu eigi að síður til ákafs viðnáms og örvuðu um leið til leitunar og uppgötvunar á nýjum tjáningaradferðum. Þá er tekist

hafði á þenna hátt að losa grafíkina úr viðjum sögulegrar hefðar úti á jaðri viðurkenndrar listar, fór hún endanlega að ryðja sér til rúms meðal fremstu listgreina, einkum með samruna málalistar og grafíklistar, sem áður var minnst á og hlotið hefir nafnið „lituð grafík“, ný tegund listræns viðfangs, viðurkennd af öllum.

Vissulega er það rétt, að reynt hafði verið einnig áður að veita svart-hvítum stungum myndeðli með því að lita þær vatnslitum og tússlitum, en ekki var það fyrr en ljósprentunartækni Senefelders kom til sögunnar, að hlið marglitaðrar prentunar opnuðust, þar sem ekki gætti einungis jafnrar litaferðar, heldur einnig litaskiftinga, með hárlinum breytilegum áherslum. Ofan á þetta bættist eftir aðra heimsstyrjöldina ný tækni, sem fyrst var notuð við prentun veggspjalda, en einnig fór hennar brátt að gæta í vinnustofum listamannanna: sáldprentunin, sem er tiltölulega einföld í meðförum, en gerir mönnum þó kleift, ef svo ber undir, að draga upp fagra og afmarkað stungna litafleti með góðum skrautáhrifum, þar sem gætir meir heldur en í ljósprentunum svipaðrar skynunar og gagnvart málverkum. Engum ætti að koma á óvart, þótt sú hætta kunni að vera falin í tilhneigingunni til sífellt aukinna tæknilegra framfara, til ríkari blæbrigða og háþróaðri prentaðferða, þannig að grafíkin nái í vaxandi mæli að líkjast myndum próuðum úr litum, að svo geti farið, að handritaðli hennar og einstaklingsbragur sem teikningar glattist, en þetta hvorttveggja hefir um langan aldur verið talið til höfuð undasemda grafískra blaða. Þessi persónuauðkenni þykjast menn hafa séð í grafík fyrr á tímum ekki sist vegna þess, að venjan var þá sú að tréskerinn, eirstungumaðurinn og ljósprentarinn gerðu allt einir, áttu hugmyndirnar að verkum sínum og útfærðu þær á allan hátt sjálfir.

Á vorum dögum er svo komið, að menn sigrast létt og leikandi á óhemju fjarlægðum í tíma og rúmi og setja viðstöðulaust í gang hverskonar flutnings- og samgöngutæki, en um leið hafa menn einnig breytt viðhorfi sínu og aðferðum að því, er varðar framleiðslu á prentgrafík. Margir listamenn eru hættir að prenta sjálfir og fela í stað þess uppköst sín og forskriftir reyndum iðnlærðum prenturum, og sameiginlega ljúka þeir verkinu. Nánar en nokkur sinni fyrr hefir samvinna verið tekin upp milli málara og myndhöggvara, sem við grafík fást, og prentsmiðja, sem fyrir þá vinna. Flestir vita með vissu hvar fyrir hendi eru heimskunn verkstæði, sem fást við raderingar, ljósprentun eða sáldprentun og geta rakið fleiri þangað og látið vinna fyrir sig. Prófarir fara á milli með hraðboðum og um þær er fjallað í símtölum. Þessi flótti undan hefðbundnum gilda-aðferðum, úr

kyrrð og einangrun eigin fjögurra veggja, þar sem listamaðurinn gerði allt einn, skar, stakk, litaði, þrykkti af prófarkir, uns verkinu var að fullu lokið, endaði með nýju viðhorfi, sem nú er ríkjandi, að fela tæknifyrirtækjum á hendur allar forskriftir og uppköst og láta prentunina fara fram undir eftirliti listamannsins. Þetta hefir að sjálfsgöbu haft í för með sér ákafan ágreining, þar sem deilt hefir verið um hugtakið „frumgrafík“ og hvernig það skuli metið. En eitt er víst, hvernig sem á þetta er litið, og það er að litagrafíkin er á sigurgöngu, nýjar upplýningar koma til sögunnar, ný æsandi blæbrigði, og hugmyndafrík tilbrigði svo að nú er þar komið, að prentgrafísk framleiðsla með þessum hætti er orðin meiri en menn geta í fljótu bragði gert sér fulla grein fyrir.

Þannig er úr miklu að velja og þeir 36 listamenn, sem eiga grafík, myndaða eða nefnda á nafn í sýningarskrá þessari, reyna að túlka þá veröld, sem við lifum í nákvæmlega á jafn margvislegan hátt, bæði í lýsingum sínum og skoðunum, og fjölgreina þjóðfélag okkar lýsir sér á sinn hátt sjálft Tveir gerólikir möguleikar koma til greina í því litrófi tjáningarháttá, sem lífið lætur okkur í té: annars vegar afstöðubundin lýsing á hinu sjáanlega og áþreifanlega í heiminum, ýmist beint eða með duibúnum hætti, hins vegar algert hirðuleysi um hlutlægar lýsingar, en í staðinn reyna listamennirnir að gera myndina af heimi nútímans sýnilega með tónum flötum og formum, með litahljómunum og linusteffjum. Hvílikur óendanlegur tónstigi tjáninganna: Hjá sumum hreinræktaður formstrangleiki, nákvæmni, rétt hlutföll, rósemð hugans, hjá öðrum tilhneiging til hugarflugs, þrá til að yrkja, löngun til að segja sögu, semja ævintýri. Innri þrá til gagnrýni, spotts, andmæla, til beinnar ögrunar, er menn fá ekki orða bundist. Þannig opnast fyrir okkur sjónarspil margs konar öfgakennds séreðlis, hvers við hliðina á öðru, með hinum margvislegustu tjáningarháttum að því, er varðar tækni, efnisval og innri þrár.

Þrátt fyrir þenna margbreytileik leiða og aðferða hjóta menn að gera sér ljóst, að ríkjandi myndmál sjötta og sjöunda áratugarins með öllum sínum fjörlega lituðu líkingamyndum, ýmist í innsæjum strikadráttum eða ósjálfráðum skrautritunartáknum hefir sýnilega gengið sér til húðar og að nú sé svo komið, að tjáningarhættir okkar mótist meir en áður af hlutlægri umgengni við raunveruleikann, úrræði hans, og óvægi drauma okkar. Dæmi um umskifti þessi eru „höfuðfóta“ myndir Horsts Antes, er fylla út allt myndrýmið, en innsæis vinnuadferðin, sem hann tíðkaði áður, er á stöðugu undanhaldi fyrir nafnlausum tjáningarhætti með yfirveguðum litum. Margt, sem gert

er á vorum dögum, vekur upp minningar um þriðja áratuginn, er afturhvarfið frá expressionismanum dró með sér í kjölfarið svalandi og allsgáða tjáningarlist eins og átti sér stað hjá listamönnum Nýja raunsæisins.

Nýir fjölmiðlar, nýtt efnisval og nýr skilningur hefir leitt til þess, að upp hefir vaxið Ný-raunsæi með eigin sérkennum, sem skýrt og greinilega hefir haslað sér völl á þýsku listsviði, einkum í Berlin. Þarna er ekkert blítt og saklaust og þaðan af síður samhljóma; á óblíðan harðan, oft grimmilegan hátt eru fjaðrinar reittar af manngerð velferðarþjóðfélags okkar. Á meðal áberandi fulltrúa þessa gagnrýna raunsæis eru Petrick, Sorge, Neuenhausen og Vostell. Hjá þeim verður notkun ljósmyndaforskrifta fullgilt sköpunartæki, vegna skjállegs sönnunargildis þeirra. Í Hamborg eru það mennirnir úr Zebra grúppunni (Asmus – Nagel – Störtenbecker – Ullrich), sem „sundurlima“ með kaldri skynsemi menn og muni, oft í afkáralegri og niðurlægjandi gerð, en einatt úr gagnrýninni fjarlægð.

Um er að ræða raunsæja aldarfarsgagnrýni í ýmsum gerðum allt frá harðri pólitískri list, án undansláttar, sem ætlar sér óvæfengjanlega að ljóstra upp, hreykja sér, reka áróður, og vísar afdráttarlaust á bug þeirri hugsjónalegu firru, að listin eigi að vera í einhverri fagurfræðilegri þjónustu, og til hins sjónarmiðsins, að það sé engin afneitun á gildi formlegra skýringa í listrænum efnum, þótt innihaldið sé látið koma fram á eðlilegan hátt. Wintersberger sýnir ljóslega sálarænar plislr þjóðfélagsins með myndbyggingarlega velgerðum formum, búnum til úr grimmdarlega afhöggnum þumalfingrum. Monkiewitsch tekst að láta okkur skynja hífylamynd, með því að teikna hluta úr rými, sem verkar eins og abstrakt form. Hjá Nöfer verður landslagið líkast náttúru, sem háð er tæknilegum fyrirmælum, en Leissler útskýrir hana á grófrómantískan hátt. Bubenik límar sundur og stillir upp í andstæðum grasafæðilegum, líffræðilegum og tæknilegum fullyrðingum, í myndum sem minna helst á skólatölflur.

Í niðurröðun sinni á siendurteknum sömu manngerðum dregur Bayrle skemmtilega dár að hátterni manna og fyrirmyndum hins dagskrárbundna þjóðfélags, en Klapheck reynir aftur á móti að gera samanburð á hátterni og eðliseinkennum manna með því að sýna vélar og hluti úr daglega lífinu. Klapheck er á sama hátt og Wunderlich talinn til surrealista á alþjóðlegu listasviði. Hvorugur veigrar sér við að nota ljósmyndaforskriftir í myndum sínum, og á þeim veltvangi tekst Wunderlich með ísmeygilegri snilli að notfæra sér alla möguleika og leikbrögð ljósmynda-tækninnar. Menn verða eins og milli svæfs og vöku,

þegar horft er á ljósprentanir Kriegs, þar sem brot úr hlutum eru teiknuð í næstum áþreifanlegum sjónhverfingastíl og leysast upp í óljósum svifandi form-skapnaði.

Þeir menn, sem á sýningu þessari leita að grafík eins og hún var fyrir öndverðu, þ. e. list linunnar, sem glataði jafnvel ekki í stríka og netamyndum, ætluðum til að gefa í skyn fleti, neinu af finleik sínum, hnitmiðun eða hikleysi, munu gleðjast yfir blöðum Mecksepers, þar sem heitar þrjár og lífskennd nútímans mætast samhjúma hlið við hlið. Áhugi þeirra mun vakna á viðkvæmum línufeljum Bernard Schultzes, út úr þykkni þeirra koma liðandi ógnvekjandi vorfur, skringilegir, skemmtilegir „migofar“. Kannski reyna þeir jafnframt að ráða gáturarnar í draugalegum sviðsmyndum Horsts Janssens, fullum af háði, sem eru á allan hátt mikil grafísk afrek, eða þeir velta fyrir sér, hvað búi í hinum kynlega samansettu martraðamyndum listamannanna Schwarz og van Dülmens. Báðir kunna þessir menn að fara með mjúksárar og hnífskarpar línur í viðkvæmum strikaforskriftum og hafa á valdi sínu teiknitækni, sem stendur gömlu meisturunum á sporði.

Stundum eru það formin og litum fylltir fletir, sem bera uppi myndefnið og myndbygginguna og þar skapast miklir möguleikar á að ná fram sterkum litum og skörpum litaskiftum, sé tækni ljósprentunarinnar og sáldprentunarinnar notuð. Málara á borð við Pfahler og Quinte notfæra sér þessa möguleika á mismunandi hátt: Pfahler með mótsetningaríkjum blöðum, völdugum í myndskrauti sínu, Quinte með litasamsetningum, þar sem hugmyndaríkra ljósverkana gætir. Auðsætt er, að listamenn, nafntogaðir af ljósavíðfangsefnum sínum, eins og Mack, Piene og Uecker (Zero grúppan) kunna alveg á sama hátt að nota aðferðir hinnar nýju grafísku tækni til að láta í ljós aðdáun sína á tófrum ljóssins.

Sameiginlegt með grafíkmyndum sumra þessara listamanna er að þær sýna að höfundar þeirra hallast að notkun geometrískra forma, svo sem ferhyrnings, rétthyrnings, hringflatar og punkts, og ber þar fyrstan að nefna sjálfan frumkvöðulinn Albers, og síðan koma Fruhtrunk, Mavignier, Geiger, Lenk, Wilding og Uecker.

Í þessu efni lætur Albers sér nægja aðeins eitt stef: „Hylling ferhyrningsins“. Á blöðum Geigers kemur hvað eftir annað upp samanþrýst hringform á ferhyrnum grunnfleti. Fruhtrunk byggir upp myndsamsetningu sína á mjóum rétthyrningum í láréttri röðun. Lenk stighækkar slendurtekin form hvert af öðru, þar sem áttímar eru breytilegar. Mavignier fær hrynjandi í fletina með rastakerfi, þar sem beitt er misfleitum punktum.

Eitt og hið sama gildir um alla þessa listamenn án tillits til tjáningaraðferða þeirra eða tækni, sem hver þeirra hefir valið sér — en þar vekur athygli, hve sjaldan notaður er tréskurður — að verk þeirra sem hér hafa verið valin sýna svo ekki verður um villst, að ekkert er þeim eins víðsfjarri og þróngsýni og að sjóndeildarhringnum er haldið opnum til samblöndunar og til útvíkkunar í allar áttir.

Thomas Grochowiak

## Josef Albers

fæddur 1888 í Bottrop/Westfalen  
dáinn 1976 í New Haven/Bandaríkjunum  
Stundaði nám 1916 – 1923 í listiðnaðarskólanum  
í Essen, í listakademiunni í München  
og í Bauhaus Weimar  
1923 – 1930 kennari við Bauhaus  
1933 flutti til Bandaríkjanna  
1936 – 1950 kennslustörf við Howard háskólann  
og Yale háskólann  
1953 – 1966 gestadósent m. a.  
við Universidad Católica Santiago de Chile  
við Hochschule für Gestaltung, Ulm,  
Carnegie stofnunina, Pittsburgh  
Bridgeport háskólann

### Verðlaun og viðurkenningar:

Doctor of Fine Arts h. c.,  
Yale háskólann, New Haven/Conn.  
Doctor of Fine Arts h. c.,  
California College of Arts and Crafts,  
Oakland/Calif.  
Doctor of Laws h. c.,  
University of Bridgeport/Conn.  
Doctor of Fine Arts h. c.,  
University of North Carolina, Chapel Hill  
Dr. phil. h. c. Ruhr-háskólinn Bochum  
1958 Konrad-von-Soest-verðlaunin  
1959 Fellowship and Grant, Ford Foundation,  
New York  
1962 Fellowship and Grant, Graham Foundation,  
Chicago  
1964 Medal of the year, American Institut of  
Graphic Art, New York  
1967 Carnegie Institut Award for Painting

1


Homage to the square  
„Hylling ferhyrningsins“  
grænt – blágrænt – grábrúnt, 1966  
litasáldprent, 50 x 50

2


Homage to the square  
„Hylling ferhyrningsins“  
ýmsir gulir litir, 1966  
litasáldprent, 50 x 50

3

Homage to the square  
„Hylling ferhyrningsins“  
ýmsir rauðir litir, 1966  
litasáldprent, 50 x 50



1



2

**Otmar Alt**

fæddur 1940 í Wernigerode  
á heima í Berlín  
1960 – 1966 nám við listakademíuna, Berlín  
frá 1966 sjálfstætt starfandi listamaður

Verðlaun og viðurkenningar:  
1967 Franz-Roh-verðlaunin „Collage 67“ München

**4**

Das große Tier  
1972  
Stóra dýrið  
litasáldprent  
75 x 62



4

**5**

Die Kuh, die lacht  
1972  
Kýrin, sem hlær  
litasáldprent  
77 x 63



5

## Horst Antes

fæddur 1936 í Heppenheim/Bergstrasse  
á heima í Wolfartsweler við Karlsruhe  
1957–1959 nám við Listakademiú ríkisins Karlsruhe  
1962 Dvöl í Florens (Villa-Romana-verðlaunin)  
1963 Dvöl í Róm (Villa-Massimo-verðlaunin)  
1964 Þátttaka í Documenta 3 í Kassel  
frá 1965 prófessor við listakademiuna Karlsruhe  
1966 Þátttaka í Biennale Feneýja  
1968 Þátttaka í Documenta 4 í Kassel  
1969 Þátttaka í Biennale Sao Paulo

### Verðlaun og viðurkenningar:

1959 Listverðlaun borgarinnar Hannover  
1961 Listverðlaun „junger westen“  
borgarinnar Recklinghausen  
Listverðlaun 2. Biennale jeunes artistes, Paris  
1966 UNESCO verðlaun í tilefni af 33. Biennale Feneýja  
1968 Premio Marzotto-Evrópa 1968, Valdagno

6

Figur mit Taube  
1965  
Vera með dúfu  
litaljósprentun  
75 x 52

7

Figur mit rotem P-Hut und Fahne  
1967  
Vera með rauða P-húfu og flagg  
litaljósprentun  
53 x 42,5

8

Figur mit schwarzer Kappe auf Ocker  
1967  
Vera með svart a slá á ryðleir  
litaljósprentun  
53 x 41



6



7



8



Pýsk grafík á vorum dögum  
Zeitgenössische deutsche Grafik

Sýning á vegum  
Instituts für Auslandsbeziehungen  
Stuttgart  
samkvæmt umboði menningardeildar  
utanríkisráðuneytisins

Fyrirkomulag  
og val annaðist  
Thomas Grochowiak, prófessor  
forstjóri Städtische Kunsthalle  
Recklinghausen

Skipulag á vegum  
Institut für Auslandsbeziehungen  
Stuttgart  
Hermann Pollig  
Hildegard B. Halft

Ljósmyndir:  
Hanni Schmitz-Fabri, Köln

Hönnun sýningarskrár:  
Hans Peter Hoch, Esslingen

Prentun:  
Dr. Cantz'sche Druckerei, Stuttgart 1976

Kápumyndir  
Störtenbecker  
Sýn. skrá nr. 83  
Klapheck  
Sýn. skrá nr. 32  
Nöfer  
Sýn. skrá nr. 59